

Nr. 347

28. mars 2014

## AUGLÝSING um deiliskipulag sorpurðunarsvæðis við Kópasker, Norðurþingi.

Á fundi bæjarstjórnar Norðurþings 25. mars 2014 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar Norðurþings að deiliskipulagi sorpurðunarstaðar við Kópasker. Deiliskipulagið nær til um 28 ha svæðis í landi Snartarstaða II um 2 km norðaustan við Kópasker. Landið er í um 20 m hæð yfir sjó á sléttum gróðurlitlum melum þar sem áður var flugvöllur. Urðunarstaðurinn hefur þegar verið nýttur fyrir almennan úrgang í 10 ár og fyrir sláturúrgang í 14 ár. Fyrihugað er að urða á svæðinu 250 tonn af sláturúrgangi og 250 tonn af almennum úrgangi á ársgrundvelli. Skipulags-tillagan ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu eru sett fram á einu blaði í blaðstærð A2.

Ekki barst athugasemd við skipulagstillöguna á almennum kynningartíma og var skipulagið samþykkt óbreytt frá kynningu í bæjarstjórn 21. janúar sl. Með bréfi dags. 7. febrúar 2014 kom Skipulagsstofnun á framfæri athugasemduum við tillöguna sem bæjarstjórn telur að hafi nú verið komið fullnægjandi til móts við í samþykkti tillögu.

Deiliskipulagið hefur hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Húsavík, 28. mars 2014.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. apríl 2014